




Beiðsli og sæðingar

Verklag, vinnureglur og pantanir

Kynbótastöð Suðurlands
www.bssl.is

Best er að sæða kúr þegar liðnar eru 9 klst - 24 klst frá því að beiðsli kom á þær. Mikilvægt er að gera sér grein fyrir því að kúr geta sýnt beiðsliseinkenni áður en þær vilja standa undir öðrum kúm. Útferð getur hafist 1-2 dögum fyrir beiðsli sem grátt þykkt slím.

- ✓ Kúr sem eru að beiða snemma morguns á að sæða samdægurs
- ✓ Kúr sem byrja að beiða eftir morgun mjaltir á að sæða næsta dag



Stress og eltingaleikur hefur neikvæð áhrif á frjósemina.

- ✓ Frjótæknar eiga að geta gengið að kúm sem á að sæða og eiga ekki að þurfa að handsama þær
- ✓ Kúr og kvígur sem eru í lausagöngu á að vera auðvelt að handsama
- ✓ Best er að aðstoðarmaður sé ætíð til staðar, nema viðkomandi frjótæknir hafi fallist á annað
- ✓ Kúr sem sæddar eru án aðstoðar verða skilyrðislaust að vera fastar og hafa beislur beggja megin við sig
- ✓ Frjótæknir fangskoðar ekki nema aðstoðarmaður sé við og ekki á helgidögum

Mikilvægt er að:

Hafa reglu á því að skrifa á gangmáladagatalið burðardag og upplýsingar um beiðsli og útferð

- ✓ Vera meðvitaður um hvað er langt frá burði
- ✓ Byrja að sæða þegar liðnar eru 6 vikur frá burði
- ✓ Láta dýralækni skoða allar kúr sem ekki hafa beitt innan tveggja mánaða frá burði
- ✓ Gefa sér tíma til þess að leita að kúm til sæðinga og beina athyglinni að kúm sem sýndu einkenni fyrir 3 eða 6 vikum
- ✓ Fangskoða allar kúr 5 - 8 vikum frá síðustu sæðingu

Sæðum kvígurnar - ávinningurinn er mikill:

- ✓ Auknar kynbótaframfarir - kvíga undan reyndu sæðinganauti er væntanlega betri en kálfur undan heimanauti
- ✓ Sæðingar skráðar - væntanlegur burðardagur þekktur - undirbúningur burðar markvissari - meiri afurðir
- ✓ Fleiri lifandi kálfar - hlutfall dauðfæddra kálfa er hærra undan heimanautum

Kvígusæðingar eru auðveldar með góðri skipulagningu:

- ✓ Sæða skal eðlilega þroskaðar kvígur 15-20 mánaða gamlar - 1. burður ekki seinna en við 30 mánaða aldur
- ✓ Kvígum eldri en 20 mánaða hættir til að vera farnar að fitna - lægra fanghlutfall
- ✓ Kvígur sem eiga að festa fang þurfa að vera í góðu eldi
- ✓ Forðumst átök og stress við sæðingu - rólegar kúr/kvígur festa frekar fang



Símanúmer og starfssvæði frjótækna á Suðurlandi eru þessi:

Bragi Ágústsson

Pantanasími 482 2056 - GSM 894 7145
Starfssvæði: Flói, Ölfus og Grímsnes (nema Hagi).

Práinn Jónsson

Pantanasími 486 8981 - GSM 894 7147
Starfssvæði: Biskupstungur, Laugardalur, Hagi í Grímsnesi og Hrunamannahreppur.

Bjarni Einarsson

Pantanasími 486 5563 - GSM 863 7144
Starfssvæði: Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Ásahreppur og Holt.

Hermann Árnason

Pantanasími 487 8611 - 894 7148
Starfssvæði: Milli Markarfljóts og Ytri Rangár (nema Hólmabæir og austurhl. A-Landeyja), Djúpárhreppur og Landsveit.

Smári Tómasson

Pantanasími 487 1410 - 894 7149
Starfssvæði: Milli Skálmar og Markarfljóts, Hólmabæir og austurhl. A-Landeyja.

Gunnar Porkelsson

Pantanasími 487 4719
Starfssvæði: Fyrir austan Skálm.

Lesið er af símsvörum kl. 9.00. Þá eiga allar pantanir dagsins að vera komnar. Hægt er að hringja hvenær sem er sólarhringsins og leggja inn pantanir.

Ekki er ætlast til þess að sæðingar séu pantaðar í GSM símanúmer frjótækna.

Pegar pantað er þarf að koma fram hvar á að sæða og gott getur verið að vita:

1. hve margar kýr á að sæða
2. hvenær sá á þeim
3. hvort gangmál séu samstillt
4. hvaða naut á að nota

Mikilvægt er að tala skýrt og greinilega og forðast að nota farsíma við léleg skilyrði.